



Borgarráð

***Erindisbréf yfirstjórnar 2022-2026***

Hjálagt erindisbréf yfirstjórnar Reykjavíkurborgar 2022-2026 er lagt fram til kynningar.

Dagur B. Eggertsson  
borgarstjóri

Hjálagt:

Erindisbréf yfirstjórnar 2022-2026, ódags.

**ERINDISBRÉF****Yfirstjórnar Reykjavíkurborgar****Ábyrgðarmaður:**

Borgarstjórinn í Reykjavík.

**Markmið og hlutverk yfirstjórnar Reykjavíkurborgar:**

Yfirstjórn Reykjavíkur er formlegur vettvangur æðstu stjórnenda Reykjavíkurborgar og ber ábyrgð á samræmingu og upplýsingagjöf um málefni sem undir hana heyra, með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í erindisbréfi þessu og samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 715/2013.

Markmið með störfum yfirstjórnar er að skapa forsendur fyrir skilvirku eftirliti borgarstjóra, upplýsingagjöf hans til borgarráðs og borgarstjórnar um málefni yfirstjórnar, ásamt samræmingu, skilvirkni og vandaðri ákvarðanatöku í störfum æðstu stjórnenda.

**Málefni sem heyra undir yfirstjórn**

Málefni sem heyra undir samræmingu og upplýsingagjöf yfirstjórnar eru eftirfarandi:

1. Innleiðing og framkvæmd stefnumörkunar Reykjavíkurborgar
2. Stjórnskipulag
3. Stjórnsýsla
4. Rekstur Reykjavíkurborgar
5. Málefni kjarnasviða, skrifstofu miðlægrar stjórnsýslu, eftirlitsaðila og fagraða
6. Stjórnarhættir milli sviða og fagraða

**Upplýsingagjöf á vettvangi yfirstjórnar**

Yfirstjórn er vettvangur til miðlunar upplýsinga milli eftirfarandi aðila:

1. Milli stjórnenda innbyrðis, um framangreind málefni sem heyra undir yfirstjórn;
2. Frá stjórnendum til borgarstjóra, og skal hver og einn stjórnandi, í samráði við borgarstjóra, skilgreina mælaborð sem inniheldur skipulega upplýsingagjöf til borgarstjóra vegna málefna sem heyra undir viðkomandi stjórnanda ásamt tilfallandi upplýsingagjöf vegna annarra málefna;
3. Frá borgarstjóra til stjórnenda, s.s. vegna málefna sem heyra undir borgarráð eða borgarstjórn, og skilgreinir borgarstjóri mælaborð til miðlunar upplýsinga til yfirstjórnar.

Borgarstjóri og stjórnendur skulu endurskoða mælaborð sín reglulega.

**Yfirstjórn Reykjavíkurborgar skipa:**

Borgarstjóri

Borgarritari

Formaður borgarráðs

Sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

Sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs

Sviðsstjóri mannauðs- og starfsumhverfissviðs

Sviðsstjóri menningar- og ferðamálasviðs



Reykjavíkurborg

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs  
Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs  
Sviðsstjóri íþróttá- og tómstundasviðs  
Sviðsstjóri velferðarsviðs  
Mannréttindastjóri  
Borgarlögmaður  
Skrifstofustjóri borgarstjórnar  
Skrifstofustjóri eignaskrifstofu  
Samskiptastjóri

### **Undirbúningur og framkvæmd funda:**

Á fyrsta fundi hvers árs skal borgarstjóri leggja fram tillögu að starfsáætlun vegna komandi starfsárs, en yfirstjórn Reykjavíkurborgar fundar að jafnaði vikulega. Í starfsáætlun yfirstjórnar skulu tilgreindar dag- og tímasetningar reglulegra funda og helstu verkefnum starfsársins raðað á einstaka fundi eftir því sem við á.

Borgarritari sendir stjórnendum fundarboð þegar starfsáætlun liggur fyrir og skal uppfæra gildandi starfsáætlun yfirstjórnar á hverjum tíma eftir því sem tilefni er til.

Borgarstjóri getur boðað til aukafunda eftir þörfum og getur fellt niður fundi eftir þörfum að sumarlagi.

Borgarritari semur dagskrá funda yfirstjórnar, undirbýr þá, ritar fundargerð og annast úrvinnslu funda, í samráði við borgarstjóra. Borgarritari sendir dagskrá ásamt fundargögnum til fundarmanna með a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara og skulu einstök málefni merkt eftir því hvort þau eru til upplýsingar, umræðu eða ákvörðunar.

Stjórnendum er skylt að mæta á fundi yfirstjórnar nema lögmæt forföll hamli. Geta þeir þá óskað eftir því við borgarritara með a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara að fá að enda staðgengil sinn á yfirstjórnarfundi. Borgarritari tekur afstöðu til þess í ljós þess hvaða mál eru á dagskrá fundarins hverju sinni.

Borgarstjóri stýrir fundum yfirstjórnar og getur boðað einstaka starfsmenn Reykjavíkurborgar á fundi yfirstjórnar, sem og aðra þá sem hann telur þörf á hverju sinni.

Fundir yfirstjórnar eru lokaðir og óheimilt að greina frá ummælum sem fram koma hjá einstökum fundarmönnum.

### **Skráning fjárhagslegra hagsmuna:**

Fulltrúar í yfirstjórn Reykjavíkurborgar skulu skrá opinberlega fjárhagslega hagsmuni sína í samræmi við ákvæði reglna Reykjavíkurborgar um skráningu á fjárhagslegum hagsmunum borgarfulltrúa og trúnaðarstörfum utan borgarstjórnar. Ef stjórnandi kys að skrá ekki fjárhagslega hagsmuni sína í samræmi við reglurnar skal hann tilkynna það yfirstjórn.

### **Starfstímabil:**

Yfirstjórn Reykjavíkurborgar starfi samkvæmt erindisbréfi þessu á tímabilinu 2022-2026.

Reykjavík, [dags.]

Dagur B. Eggertsson